



## Samræða: konur og karlar

### Spurning lögð fyrir fólk á göngum Garðaskóla:

Eiga strákar alltaf að borga á stefnumótum? Af hverju/af hverju ekki?

Karl II II II = 6

Strákur II II II I = 9

Kona II II II I = 7

Stelpa II II II II = 10

Já	Nei og önnur svör
IIII IIII II = 12	IIII III = 8 + 12
<b>Rökstuðningur:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Það er bara þannig (vond rök)</li><li>• Það er gamaldags</li><li>• Það er lögmál, þeir eru að ganga á eftir stelpum (góð rök)</li><li>• Mörgum finnst það gamaldags en ég var alinn svona upp (góð rök)</li><li>• Af því að strákar eru strákar (vond rök)</li><li>• Af því að strákar hafa hærra laun</li><li>• Meiri líkur á að strákurinn bjóði (góð rök)</li><li>• Gamaldags (góð rök)</li><li>• Af því að strákar eru strákar</li><li>• Þeir eiga að vera herra menn</li><li>• Veit það ekki (vond rök)</li><li>• Það er svo strákalegt (vond rök)</li></ul>	<b>Rökstuðningur:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• strákar kúka ekki peningum</li><li>• er ekki jafnrétti</li><li>• jafnrétti</li><li>• hafa þetta jafnt</li><li>• nútímakonur eiga að borga því þær vinna</li><li>• við erum ekki svona góðir</li><li>• af því að strákarnir fara á stefnumót til að fá að borða</li><li>• ... og sá sem býður borgar</li><li>• Sá sem býður þarf að borga</li><li>• Sá sem býður borgar</li><li>• Sá sem býður borgar</li><li>• Sá sem býður borgar</li><li>• Veit það ekki</li><li>• Alveg sama</li><li>• Splitta</li><li>• Jafnt</li><li>• Jafnrétti, til skiptis</li><li>• ... og sá sem býður borgar</li><li>• Fer eftir aðstæðum, það er engin regla í þessu</li><li>• Strákurinn borgar Ef hann er að bjóða þér</li></ul>

### Greining á rökum sem notuð voru í könnuninni:

<b>Góð rök:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Segja eitthvað um viðkomandi atriði</li><li>• Segja meira en önnur rök</li><li>• Við ætlumst til að fólk sem er eldra noti betri rök því það hefur meiri þroska</li></ul>	<b>Slæm rök:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Segja ekki neitt um atriðið:<ul style="list-style-type: none"><li>○ Klifanir (segja bara það sama aftur) (t.d. strákar eru strákar)</li><li>○ Bætir engu nýju við (t.d. það er bara þannig)</li></ul></li><li>• Viðurkenna vanþekkingu:<ul style="list-style-type: none"><li>○ Betra en að segja alls ekki neitt (skv. Brynhildi)</li></ul></li></ul>
---	--

### Eiga strákar alltaf að borga á stefnumótum:

Samræðu haldið áfram þriðjudaginn 16. febrúar

- Rök í könnuninni – strákar eiga alltaf að borga:
  - Strákar þurfa að ganga á eftir stelpum og þessa vegna borga.
  - Í gamla daga var skylda karlmannna að sýna fjárráð (eða vald eða hæfileika) – þetta varð að vana sem ennþá lifir

### Eru stelpur og strákar mjög ólík?

**Já:**

- Strákar: sprengja, fara í tölvuleiki, **sýna ást með kylingum**, fara EKKI saman á klósettið, strákar eru margir saman í hóp, eineltið er líkamlegt og augljóst, strákar eiga auðveldara með að komast inn í nýja hópa
  - Ósammála: maður sýnir ekki ást með ofbeldi!!
  - Það er bara stereótýpa að strákar megi ekki “faðma og kyssa” – “hommalegt” – einhver byrjar að segja eitthvað (einhver sem er vinsæll og allir taka mark á) og aðrir fara að trúá því – rasismi?
- Stelpur: **greiða sér, punta sig**, tala saman, versla, sýna ást með faðmlögum, **kossum**, fara saman á klósettið, tengjast einni eða tveimur góðum vinkonum, eineltið er andlegt/lygasögur/ekki augljóst/vegna abryðisemi/halda að eitthvað sé einelti þótt það sé það ekki, stelpur eiga erfiðara með að komast inn í nýja hópa

**Nei:**

- Það er bara einstaklingsmunur, t.d. sumir eiga auðvelt með að tengjast öðrum, aðrir erfitt, alveg sama hvort það eru stelpur eða strákar

### Eru hugmyndir okkar um stelpur og stráka bara stereótýpur?

- Stereótýpa: hugmynd (sönn eða ósönn) sem er sett fram af manneskju (sem er vinsæl og allir hinir fylgja og trúá), hugmynd um eina manneskju sem er yfirfærð á allar hinar, byggir ekki á rökum,
  - Til alls konar stereótýpur: ljóskur, Hafnfirðingar,

Hópur 1.  
Samræða: konur og karlar

### **Af WIKI 19.01.07:**

Af hverju ætti maður að fara í megrun? (spurning úr tíma)

Maður á ekkert að fara í megrun, það er mj. óhollt og það eru til betri leiðir til að léttast og komast í formk t.d. heilbrigt mataræði(ekki það sama og megrun) og regluleg hreyfing(Kristín)

Af hverju fara konur í megrun? (spurning úr tíma)

Margar konur fara í megrun til að líta betur út - mjórri konur eiga miklu meiri líkur á því að vera boðið á stefnumót frekar en feitar! (Alexandra)

Í raunini er meiri líkur á að konur sem eru grannar eru boðnar út, en það er dagsatt að útlitið skiptir ekki máli, en þessir karlmenn í dag spá náttúrliga BARA í útlitið á konum, ef þær eru feitar..."nei" ekki boðnar út. (Guðný)

Af hverju fara karlar í megrun? (spurning úr tíma)

Flestir karlar fara ekki beint í megrun, jú kannski þeir sem eru feitir og þurfa það nauðsynlega, en það sem ég held er það að karlar vilja fá mikla vöðva, og að sjálfsgöðu styrkja sig. Þess vegna fara þeir í svokallaða "megrun"(Guðný)

### **Framhald í tíma 23.01.07:**

Megrun/ekki megrun – málið snýst um hvað er flott! Flott fyrir karla að vera stæltir, flott fyrir konur að vera mjóar.

Af hverju er þessi munur?

- Gömlu stereótýpunar

Sterk kona – ógnar hún karlmönnum? Konan sem er sterkur karakter, rík....

Af hverju ætti þessi kona að ógna karlmönnum?

- Þeim finnst að þeir eigi að þéna meira – gamla stereótýpan
- Ótal dæmi sanna að þessi stereótýpa lifir, hópprýstingur viðheldur þessu
- Hvar er ástin?
- Karlinn á bara að vera "hærra settur" en konan
- Hvað um að standa með konunni sinni? Fær karlinn þá ekki bara meira sjálfstraust? Hvað um að samgleðjast með konunni sinni?
- Væri ekki bara betra fyrir samfélagið ef konurnar héldu sig á sínum stað? (Sbr. STEPFORD)
  - Nei, það væri ekki betra! Það væri engin þróun í samfélaginu ef karlarnir væru bara alltaf
  - En hafa samfélög ekki þróast þótt karlarnir hafi verið við völd?
  - En konurnar hafa stjórnað á bak við tjöldin
  - Ekki nauðsynlegt að hafa innblástur bæði karla og kvenna, hvor hliðin getur þróast í sitt hvora áttina:
    - Myndu þær þróast á sama hátt? Já, stereótýpunar villa fyrir um okkur, við erum ekki jafn ólík og stereótýpunar gefa til kynna.
    - Þurfa kynin mótvægi frá hinu?
      - Já: annars dytti almennilegt kynlíf út,

Hópur 1.

Samræða: konur og karlar

- Nei: maður finnur alltaf einhvers konar mótvægi – þarf ekki kynjamuninn, það er mótvægi milli einstaklinga, aldurshópa o.s.frv. Karlar og konur eru ekki svona skýrt mótvægi – þau eru ekki jin og jang

Jafnréttisbarátta karla?

- Hugsanleg eftir kannski 100 ár
-